

Óvenju margar kanadagæsir (*branta canadensis*)

Í ár haf sést óvenju margar kanadagæsir hér á landi en ber þar hæst 14 fuglar við Bolungarvík. Kanadagæsir eru Norður-Amerískir fuglar en verpa orðið víða viltar eða hálfviltar í Evrópu, margar deilitegundir eru til af kanadagæsum allt frá því að vera mun stærri en grágæs og niður að vera svipað stórar og margæsir. Ameríkanar eru búnir að skipta

þessum deilitegundum í tvær tegundir (stórar og litlar) og er líklegt að það gerist í Evrópu fljótlega. Hér á landi hafa verið samþykktir 127 fuglar (2002) og eru flestir



þeirra fugla af stærri deilitegundunum. Í fyrrahaust sást 15 fugla hópur við Bolungarvík og gæti verið um sömu fugla að ræða núna.


Það sem af er þessu ári hafa sést a.m.k. 27 fuglar og þó við slepptum stóra hópnum við Bolungarvík væri samt um toppár að ræða (miðið við 2002) í komu kanadagæsa hingað til lands. Í ár sást fyrsti fuglinn við Þykkvabæ 15. apríl. Við Miklabæ í Skagafirði fundust 3 fuglar 22. apríl og þann 27. ein lítil við Mosfell við



Svínavatn í Húnavatnssýslu sama dag fannst ein stór við Dufþaksholt nálægt Hvolsvöll en sá fugl sást þar til 29. apríl. Ekkert fréttist af kanadagæsum fyrr en 14 maí að 2 fuglar sáust á Norðausturlandi, Sævarlandi í Þistilfirði og við Fell í Bakkaflóa. Þann 16. maí fannst svo ein við Sandgerði og var hún þar til 20. og þann dag fannst svo önnur við Grindavík og sást sá fugl a.m.k. til 2. júní. Frá 19. – 21. var einn fugla við Hól á

Melrakkaslétu en það gæti verið annar fuglinn sem sást fyrr við Fell eða Sævarland. Stóra fréttin um kanadagæsir kom svo 25. maí frá Bolungarvík þegar þar fundust 14 fuglar og þær voru þar einnig daginn eftir. Um 20. maí sáust 2 fuglar nálægt Borg á Mýrum og 3. júní 3 fuglar við Hjarðarnes í Nesjum, gætu verið fuglarnir af Mýrunum.

Hvað veldur því að kanadagæsir virðast sjást hér í meira mæli nú en á árum áður er ekki gott aðs segja, kannski meira skoðað eða hafa veðrabreytingar einhver



áhrif þessu verður örugglega vandsvarað. Fyrsta kanadagæsin fannst árið 1961 og síðan þá hafa þær sést um allt land aðalega á vorin og haustin.